

Til sjós í eina tíð.

15 maí 2018.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.

Texti KRF. Sumt sem hér er sagt kemur beint úr minningakistu höfundar. Annað eru upplýsingar mest fengnar af tímarit.is

Ljósmyndir eru ekki eign höfundar nema upphafsmyndin.



Smávegis inngangur.

Engum blöðum er um það að fletta að höfundur sé neitt nema áhugamaður um sögu íslenskra síðutogara. Kannski að æskuumhverfið spili hér inn í sem hann ólst upp í og lifði við sem og mórallinn sem við gekkst á meðal strákhópsins sem þá lék sér saman og pældi saman í því sem í gangi var í þann tíð. Og hvað var gangi? Jú, sjór, bátar, togarar og sjómenn. Sumir í hópnum áttu feður á sjó og aðrir feður og bræður á sjó sem stundum voru á bátum, stundum togurum og einstaka fragtskipi og urðu vinsælastir allra í hverfinu er faðir eða bróðir kom heim úr siglingu. Þá var smávegis von um Mackintosh- sælgætismola í munninn sem að öðrum kosti gat ekki gerst því að sælgætið var ekki flutt inn til landsins.

Æskutíð höfundar var öll merkt með einum og öðrum hætti sjónum, veiðum á bryggjunni, ferðum í fjöru, skipasmíðum, heimagerðum bátum, aflabrögðum báta og botnvörpunga, togarastrákum í landlegum og allskonar öðru sem menn tengja við haf og fisk og verður partur af lífinu sem minningarbankinn að lokum fær til varðveislu og sér um að rifja upp hér.

Eitt enn sem situr eftir, margt reyndar, sem er faðir og eða bróðir á síldveiðum eða togveiðum á haustin, er þeir hringdu heim og töluðu við eiginkonu, móðir og stundum mann sjálfan. Allt minningar sem vilja merkja mann sér sjálfum og fá heimild manns til að lifa með manni langa hríð og alla æfi. Vitaskuld belun.



Mynd til vinstri. „Hér er saltfiski landað upp um aftari lúgu á forlest. Stjórnborðsmegin er verið að þvo lestarborð, sem raðað er fyrir aftan þvottamann. Langsum ofan á eru stúklampar. Masturspollar blasa við beggja vegna við frammastur. Á bak við vant má greina forgálga og neðst fótrúllu í stjórnborðssíðu skipsins.“-

Sjá má hrúgu af lestarboðum á dekki sem tínd hafa verið upp úr lestinni eftir því sem lönduninni miðaði. Borðin voru þvegin um borð með vatnsslöngu úr landi og kústum með strákústi á báðum hliðum og tínd aftur niður í lest að löndun lokinni og er hluti æskumyndar

höfundar og verk sem hann sjálfur vann þó ekki væru árin mörg að baki á þeim tíma. Ekki var það þó saltfiskur sem hann var með í að koma upp úr skipi heldur ísaður fiskur. Í hans æskutíð voru togararnir hættir saltfisktúrum og stunduðu ísfiskveiðar. Hvort maður tók þátt í að landa upp úr togaranum sem myndin er af er ekki gott að segja en upp úr þeim mörgum svipaðrar gerðar var maður með í að losa við fisk úr lestum, ásamt her hafnfirskra drengja. Uppistaða löndunargengisins yfir sumarið voru krakkar sem engan skaða hlaut af vinnunni. Þó ekki væru þau blessunin gömul.

Í æskutíð höfundar voru engir skuttogarar til að miða sig við og bera saman við síðutogara. Og engin var þá kvótinn sem hjó og skar og setti útgerðum og sjómönnum stólinn fyrir dýrnar og allt skipulag bæja frjálst og heimilaði mönnum að gera allskonar við hús sín og fresta árum saman að losa sig við dót og drasl utandyra sem fúnaði í görðum vítt og breytt um bæ og borg sem engum er heimilt í dag. Leyfði strákum að byggja sér dúfnakofa hvar sem pláss fannst fyrir þá hvort sem var á lóðinni heima, í hraungjótu eða fast upp við ræktað tún sem grjóttveggurinn einn aðskildi og ryðgaður gaddavír lá ofaná og flestir girðingastaurar fúnir í sundur í þessari grjóthruðu sem myndaði girðinguna. Allt án nokkra afskipta yfirvalda af neinu tagi né nokkurs manns og spýtur til byggingarinnar fundnar og fengnar „að láni“ hvar sem þær var að finna hvort sem var við nýbyggingar eða var spýta á stangli. Þá voru og heimilar heimagerðar hjólatíkur, kassabílar, á götunum. Kannski var uppi aðeins ein regla í þann tíð. Og laut hún að útivistartíma barna upp að ákveðnum aldri sem þau urðu að lúta. Nema vilja eiga á hættu að löggan renndi upp að þeim og skipaði heim. Og hver vildi það?

Allt þetta og margt annað einnig mótaði mann og safnaðist fyrir í minningabanka þeim sem er furðu lífseigur banki sem nokkuð oft hefur verið tekið út úr og er enn gert. Lífið sjálft hefur séð um að leggja inn á þennan reikning og vonandi viskan einnig betrubætt það sem komið er og gert lífið bærilegra.

Samt hefur fráleitt allt sem skeði endaþ þar og sumt sem slæddist þangað fljótlega hörfað út aftur eftir stutta viðveru. Æ færri tilvik úr lífshlaupinu reyndar stoppa þar orðið og er máski fylgifiskur árána að baki sem fjölga og einhvervegin maður lítur öðruvísi á en var í eina tíð. Af þá líklega reynslunni sem þegar er í hendi og barnalega sýnin farin af mörgu sem maður áður uppveðraðist af. Enda þá enn að læra en er fyrir löngu vítað. Og nú er staðan þessi.

Máski er eitthvað innbyggt í okkur og þar einhverskonar skilja sem skilur kjarna lífsins frá hisminu. Allavega hafa mestmegnis góðar minningar orðið eftir í vorum sarpi og flestar slæmu horfnar. Máski má rekja eitthvað af þessu til heimilis manns og æskuuppeldisins og þess sem það lagði til manns á vorum frumdögum. Heima í foreldrahúsum alltént rekur mér ekki minni til að talað væri illa um nokkurn mann en margt gott sagt um margt fólk? Ekki slæmur grunnur að fara með út í lífið.

Samt höfðu æskuslóðirnar engan skuttogara til að miða sig við, eina íslenska útvarpsrás til að hlusta á, og fyrir árið 1966 heldur enga íslenska sjónvarpsstöð til að sjá í myndefni og bara Bandaríska sjónvarpsstöð sem sýndi þætti eins og Combat, Ed Sullivan Show, Bonansa og aðra þætti sem maður sá annað veifið og gerði annarstaðar en heima hjá sér og hjá vinafólki uns sjónvarpstæki kom heima.

Lifði þá atburði að sjá fólk flykkjast að búðum að kvöldlagi sem voru með sjónvarp útstillt í búðarglugga sínum sem um leið voru til sölu og haft kveikt á þessum tækjum til að fólk gæti sjálft séð dýrdina. Og það kom til að horfa á og staðsetti sig götu megin við glerið og glápti á efnið á skjánum þó með engu tali væri og lét sér vel líka. Eina



THE KINKS

NÚ ERU ÞEIR LOKSINS KOMNIR

ÞEIR KOMU Í GÆR, OG FYRSTU

HLJÓMLEIKARNIR VERÐA Í

KVÖLD KL. 7,15 og 11,30, UPPSELT!

TEMPO KINKS BRAVO

sem hreldi áhorfendurna á gangstéttinni var verðmiðinn ofan á tækinu, sem hafði í sér nokkurn fælingarmátt.

Mann er Breska hljómsveitin The Kinks hélt hér tónleika og ærði ungviðið sem kom og sat í sal og allt ært af tónunum sem frá sviðinu bárust. En engin skuttogari.


Þau sem við þekktum voru skip sem innbirtu vörpuna yfir síðuna og maður síðar vann við og kynntist af eigin raun hvernig virkaði.

Á sumum áhöfnum togaranna vissi maður svoltil deili eins og líka margir aðrir í bæjarfélaginu og mann þær sitjandi inn í leigubílum með mæli í sem tikkaði eins og klukka á meðan leigubílstjórinn ók um göturnar í bænum hring eftir hring og kallarnir súpandi drykkinn sinn og gerðust ölvaðir af. Eins og líka tilgangurinn var. Allt hjálplegt við að móta einstakling og búa til minningabanka með strangt til tekið svolítið þröngt svið og verður að segjast eins og er að sé. Samt er nóg til að móða úr.

Kannski að einhverjum finnst þetta undarlegt og sérstaklega skoðað í því ljósi að tími síðutogara leið undir lok á Íslandi og veröld allri fyrir bráðum hálfri öld. Og rétt er það að hálf öld sé langur tími í veru okkar mannanna en samt bara dropi í haf sögunnar. En þessu er til að svara að höfundur er ekki þú né þín mynd af lífinu né reynsla heldur sín eigin mynd. Og hún er svona. Minningar koma höfundi mikillega og margvíslega til hjálpar við samantekt af þessum toga og er verk sem hann leggur nokkra stund á í dag. Sumar minningar eru farnar og líklegt að farið hafi fé betra.

Það sem er máski einkennilegt við áhuga hans á síðutogaranum er að tíminn þar um borð var frekar stuttur í atvinnusögunni og hófst sumarið 1970 og stóð til ársins 1973 er hann um sumarið hætti á togaranum Röðli GK sem hann þá hafði starfað á en lauk er skuttogarinn Júní blasti við í höfninni. Þá nýkominn til eigin heimahafnar.

Sama haust (1973) steig hann um borð í þennan Spánsk- byggða togara en kom aldrei aftur um borð í síðutogara sem áhafnar meðlimur. Samt er það svo að síðutogarinn varð eftir í minningunni en hinn mikið hvarf og hann þannig séð mann lítið frá.



Mynd til vinstri. „Nýsköpunartogarinn Sólborg IS-260 var byggður í Aberdeen árið 1951. Hér er hún á leið í land með fullfermi af Selvogsbanka árið 1955. Skipið aflaði 26.489 lesta fyrstu fimm árin. (Jón Páll Halldórsson, 1999:125). (Ljósmyndari: Jón Hermannsson).

Mynd í miðjunni. „Haukur Aðalsteinsson: Bátar á legunni í Keflavík.“

Mynd til hægri. Frá kappróðrinum á Sjómannadaginn í Keflavík í júní 1950.

Mynd til hægri.
Veröld sem var. Bátar
í Stokkavörinni,
Bryggjuhúsið og
skúrarnir þar vestur af.
Fjarst sjást bátar í
Dráttarbrautinni



Sækjum annan vinkil.

Mynd til hægri „Í stórum hölum lét pokinn oft undan og rifnaði. Staðið í bætningu og nýtt stykki sett í pokann.“-


Hér má líklega sjá hamptroll liggjandi á dekki. Þau einhverveginn lögðust öðruvísi en nælonnet sem meira lyftu sér.

Einnig má sjá hér kunnuglega mynd af vettvangi til sjós um borð í síðutogara sem allir vita deili á sem til þekkja og sennilegt er að þeir muni einnig allan flýttinn sem þar viðgekkst og hraðann sem varð að vera á. Öllum hrópunum og köllunum í mannskapnum og stundum líka úr brúarglugga til að trollið kæmist sem fyrst aftur í botn.



Eins gott var fyrir nálakörfukaufa að vera með sitt á hreinu undir svona kringumstæðum og snöggann til að fleygja umbeðinni netalnál með garni vöfðu upp á til hans sem hrópaði og hvort sem var einfalt, tvöfalt, benslagarn eða hvað annað sem þurfti og tilheyrði nálakörfunni. Allt gert með flýttinum og var lífið um borð í þessum skipum sem tímann sinn tók að venja sig af eftir að í land kom og gerðist ekki alltaf sjálfkrafa hjá mönnum og þurfti í sumum tilvikum að benda mönnum á. Slíkur talsmáti varð mannskapnum, á einkum togurunum, tamur með tímanum sem mjög auðvelt var að misskilja af þeim sem ekki voru vanir slíku umhverfi né þekktu til aðstæðna en var það sem gildi hjá þessum mönnum og sumum áratugum saman. Að skilja er oft lykill að því að umbera. Til að skilja þarf þó fyrst að vita.

Víkjum enn að öðru.



Mynd til vinstri. „Togaranum „Jóni“ hleypt af stokkunum í San Sebastian.“ Ljósmyndin var birt í dagblaðinu Tímanum 1972.


Höfundur er minnstætt er Röðull sigldi inn fyrir hafnargarðana tvo í Hafnarfirði að koma úr siglingu og hið mikla skip Jóni GK 345 blasti við þar sem hann stóð fram á hvalbak skipsins ásamt hinum köllunum tilbúin með endanna til að binda skipið við bryggju. Nýi Jóni GK var í horninu þar sem stálþilið og Nýja bryggja mættust og flaggskipið Maí GK 346 vanalega lá við í inniverum á meðan verið var að landa upp úr honum. Minnir að Jóni væri enn ekki farinn í sína fyrstu veiðiferð er okkur bar að og verið væri að gera skipið klárt með veiðarfæri og annað sem þurfti.

Sumir muna að togarinn Jóni GK kom til hafnar í heimahöfn á Sjómannadaginn í byrjun júní 1973, gott ef ekki 3 júní, að það hefur þá verið í júní sem Röðull GK sigldi inn með höfund um borð eftir sölutúr til Ostende í Belgíu með um 120 tonn af fiski í lestunum sem seldur var þar á fiskimarkaðnum og var frekar óvenjulegt að gerðist en skeði þá. Mikil Bítlasveifla var þá í Ostende sem sást af öllum stóru plakötunum af þeirri merku hljómsveit hangandi hist og her í bænum.

19 apríl 1972 er Jóni er sjósettur og enn gilda þeir tímar í þessu landi að svona frétt veki athygli og fólki vissu gleði og sumum sjómanninum bjartsýni í huga um gott pláss er fram liðu stundir.

Sem sagt. Föstudaginn 14 apríl barst frétt um að þetta mikla skip Jóni GK hafi verið sjósett, þó auðvitað heilmikið væri enn eftir til að ljúka við smíðina. Þá var búið að sjósetja annan eitt þúsund tonna skuttogara er hér er komið sem við vitum að er Bjarni Benediktsson RE sem fyrstur kom til landsins af þessum stóru Spænsku togurum og var Jóni GK númer tvö í afhendingarröð skipasmíðastöðvarinnar um þessi skip fyrir Íslendinga. Samtals urðu skipin sex, með þessum tveim skuttogurum sem Akureyringarnir fengu og voru þá þeir nýjustu í þeim flokki.

Nokkrir minni Spænskir togarar komu í kjölfarið og má þar nefna togarann Otur GK frá Hafnarfirði sem kom til Hafnarfjarðar um vorið 1974. Einnig þau skip reyndust afburða sjóskið eins og skipasmíðastöðin skilaði skipunum af sér. Einn galli var þó á þeim. Lunningin að aftan og neðan við togrúllurnar aftast. Hún hallaðist fram á við og olli því að hlerarnir festust ekki komnir upp í blökk og gátu því hreifst er skipið valt og komið inn fyrir hornið rennu megin.



Mynd til Vinstri. „Maí kemur fánum skryddur til landsins. Nú er það athvarf útigangsmanna við bryggju í Hafnarfirði. Af hverju er Maí GK 346 látinn grotna ? á sama tíma og systurskipið Sigurður mokar upp loðnu. Þjóðviljinn 18 febrúar 1977.“ – Þjóðviljamenn velta fyrir sér hver afdrif bv. Maí GK kunni að verða.

Þeir harma á vissan hátt hvernig fór og komið sé og benda á systurskip Maí, Sigurð, sem breytt var í nótaskip og gengur vel veiðarnar. Margir vildu sjá Maí áfram í þessu landi en eigendur völdu að fara með skipið í aðra átt, sem lítið er við að segja. Árið 1977 er árið sem flaggskipi hafnfirðinga í tuttugu og sjö ár bv Maí er siglt út úr höfninni og ekki slegið af fyrr en við Noregsstrendur. Þaðan var skipið eftirleidis gert út. Samt ekki til fiskveiða.

Öruggt er að sjósetning togarans Júní hafi kveikt mönnum vonarneista. Og var höfundur í þeim hópi sem hugsaði sér stöðu um borð og gerði reyndar löngu fyrr því um borð í Maí var um haustið 1971 til lítil teikning af nýja skipinu sem menn skoðuðu og veltu fyrir sér á alla kanta ásamt að ræða málið tengt þessi skipi sem enn var þó bara teikning. Voru enda flest allir á Maí ungir menn með engin áform uppi um að drífa sig í land heldur stunda áfram sjómennsku.

Það sem einkum vakti áhuga hans, kannski mesta athygli, voru allar þessar sturtur sem þar áttu að vera, samkvæmt teikningunni. Sturta hér og sturta þar og sturta bara allstaðar, fannst honum. Svo kom skipið. Og var nóg þar af sturtum, og ekki svo sem neitt verra að vera með þær allar. Það sem höfundi þó hlakkaði mest til var að komast undan trollvöktunum sem ljóst var að yrði ekki ein staðan um borð í nýju skipunum. Viss léttir það. Í minningunni lifa trollvaktirnar samt ágætu lífi. Og gerir ekki fjarlægðin við atburði öll fjöll blá? Svo er að minnsta kosti sagt.

Er fréttin um sjósetningu togarans Júní birtist er skuttogarávitund íslenskra sjómanna almennt vöknud án þess að alda skuttogara sé enn skollinn á. Þegar bv Júní var rennt niður er að dæmi sé tekið enn ekki kominn til landsins fyrsti sérsníðaði skuttogarinn til landsins sem margir vita að er Vigri RE. Hann lagðist upp að bryggju 24 október 1972 og nokkrum vikum eftir að Júní er sjósettur. Sjá má að allt er í gangi með smíði þessara skipa sem einnig úreltast með árunum og hafa í dag verið seld nýjum eigendum og sum til fjarlæggra landa. Þau af þeim sem en eru til. Er Vigri RE kom voru til í landinu nokkrir eldri skuttogarar af minni gerð keyptir frá útlandinu góða. Einn var Barði NK frá Neskaupstað. Hólmatindur var gerður út frá Eskifirði og var franskur togari keyptur hingað til lands árið 1970, að einhverjir séu nefndir.

Netavinna.



„Hér er ungt fólk að setja upp sísal trollstykki fyrir nýsköpunartogara árið 1955. Verkstjórinn fylgist með.“-

Líklegt er að fólkíð vinni með hampnet sem troll á þessum árum voru ennþá gerð úr. Hamptrollin voru þung í sjálfu sér og jókst þyngd þeirra umtalsvert eftir að hafa drukkið í sig allan sjó sem hampurinn gat og gerði rennblautan. Bleytan gerði vinnu við

netin erfiða og verri í frostum og kulda sem fylgir vetrum og öll vinna enn út á dekki og berum himni. Þar fór og öll netavinna fram ef troll rifnaði og þarfnaðist vinnu mannskapsins við að koma því aftur í klárt stand. Og troll rifna vegna þess að víða á þessum tíma er botn enn talsvert ósléttur með helling af festum á togslóðinni.

Þegjandi samkomulag hefur frá upphafi gilt milli skipstjóra togaranna um að allt grjót sem í vörpunu kemur sé haldið eftir um borð og varpað í hafið þar sem það veldur veiðarfærum skípa engu tjóni. Með þessum einfalda hætti og góðu samvinnu sjómanna gerðist það að veiðisvæðin urðu rennislétt og án teljandi festa. Samt rifna troll ennþá og verður seint unnt að afstýra óhöppum af slíkum toga.

Mikill bylting þótti þegar troll voru gerð úr næloni og hætt að notast við hampinn. Er nælonið enda léttara og drekkur ekki í sig vatn, sem telst til kostanna við nælonnotkunina. Fyrir svo utan það að vera sterkara efni og endingarbetra.

Mynd til hægri. „Gott þorskhal. Pontari stendur í miðju ponti þvæð fiskinn og kastar niður í lest. Aðgerðarmenn rista fyrir og taka innan úr. Tvær lifrarkörfur biða á lestarlúgu. Myndin sýnir ísfisksveiðar. Fiskurinn sem bíður aðgerðar er í pokapontinu.“- góð veiði hér og allt í gangi á dekkinu og vaktin að störfum. Einnig kemur fram að allt á dekkinu beri sitt eigið nafn þó höfundur hafi ekki áður heyrt talað um „Pokapont.“



Á tíma efri myndarinnar (1955) fer nánast öll netavinna og fixingar kringum trollin fram um borð í skipunum sjálfum og unnar af dekkliði. Þegar rólegt var í veiðunum og gott veður tóku menn sig oft til og gerðu skurk í lagernum og útbjuggu varastykki eins og þurfti í trollið, fixuðu, útbjuggu, vængi, belg og skver og allt hitt líka sem trollið samanstendur af. Og allt gert um borð. Vængir voru bolsaðir, leggir splæstir, línur og fótreiði vafin og allt hitt sem eitt troll kallar á og mikilvægt að vera með tilbúið, kæmi upp rífið.

Seinna og smá saman fer allt þetta að koma um borð tilbúið og hluti þess að unnt væri að fækka í áhöfninni sem gerðist strax með fyrstu skuttogurunum sem höfðu 24 kalla, stóru skipin, og fimmtán kalla, minni skipin. 32 manna áhöfn fylgdi síðutogaranum að sjá má verulega fækkun manna verða með skuttogurunum og ljóst að yrði að breyta sumu sem fyrir var og gera á öðrum stað. Eins og lagervinnuna. Samt var hellings netavinna um borð í skipunum eftir sem áður en minna unnið við sjálfan lagerinn. Áfram þurfti þó að splæsa leggi og vefja línur, hver sem staðan á þessu er í dag. Og auðvitað fixa, gengi lagerinn til þurrðar.

Þó höfundur hafi ekki heyrt um neitt slíkt er vel mögulegt að allt svona lagað hafi verið misjafnt milli útgerða og sumar unnið þetta meira í landi og sent um borð tilbúið en aðrar útgerðir töldu sér stætt á. Samt var það svo að flestar sendu netaballanna óskorna og ósniðna um borð í skip sín handa mönnum að sníða niður í réttar stærðir. Voru enda sumir af þessum mönnum afskapleg færir netamenn og mikluðust reyndar sumir af netafærni sinni. Til að mynda yfir glasi í Þórskaffi. Að ekki sé talað um sæti við borðið fagurt fljóð og máski fleiri en eitt.

Mynd til hægri. „Á stærri myndinni sést Vigri RE 71 leggja að bryggju í Reykjavík í gær. (24 október 1972. Innskot höfundar) Á minni myndinni eru hjónin Hans Sigurjónsson skipstjóri og Ingibjörg Guðbjörnsdóttir um borð í Vigrá. Tímamyndir GE.“- Tíminn 25 október 1972 er hér með frétt sem við síðar áttum okkur á að sé frétt um að skuttogaraöldin á Íslandi sé formlega hafin. Fréttin er því söguleg. Skoðuð í þessu ljósi.



Eigandi Júní GK 345 er eins og kunnugt er Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Konan sem gaf bv Júní nafn þarna út á Spáni er Sólveig Björnsdóttir, ekkja fyrsta framkvæmdarstjóra Bæjarútgerðarinnar Ásgeirs Stefánssonar. Hafði þá smíðin staðið yfir frá því um haustið 1971 og áætlanir um að afhenta togarann í október 1972, sem ekki gekk eftir. Höfundur starfaði á skipinu alltaf af og til í nokkur ár og efast um að hafa áður verið á betra sjóskipi en bv Júní GK. Oft kom fyrir að maður hæfi vakt á vaktaskiptum og enn verið að vinna á dekkinu klæddur peysu og klostígvélum en þyrfti að snúa við dyrunum upp á dekk til að fara í stakkinn sinn og setja upp sjóhattinn því út var leiðindaveður án þess að maður yrði þess neitt var inni. Nokkrar breytingar voru gerðar skipinu á síðari stígum og er honum ekki kunnugt um hvernig hann var í sjóinn eftir þær allar saman en þekkir skipið eins og það kom nýtt og hælir sjóhæfninni.



Mynd til vinstri er af togaranum Röðli GK 518. Hér er skipið að koma inn til Hafnarfjarðar.


Sama haust, sem sagt, og bv Júní kom réð hann sig þar um borð. Var enda tími síðutogarans að renna út og varð fljótlega eftir það „að baki.“ Sé rétt að nota þau orð með það til hliðsjónar að allengi hafa gömlu síðutogararnir fylgt

manni í huga og hjarta og allskonar sögur þaðan sem vilja rifjast upp í tímans rás. Að sjá eru margir sömu skoðunar og höfundur.

Árið 1963 varð um borð í Röðli skelfilegt slys sem Morgunblaðið greinir ítarlega frá. Skoðum part fréttar blaðsins frá þessum tíma: „Eitrunaráhrifin lýsa sér einkum í uppköstum og hiksta. Sumir fá niðurgang, og aðrir geta fengið skjálfta eða krampa. Þá verða menn sljóir og minnislitlir, fá starandi augnaráð, verða annarlegir og utan við sig. Sé um alvarlega og mikla eitrun að ræða, getur eitrunin haft skaðleg áhrif á hjarta, lifur og nýru. Gegn eitruninni er unnið með súrefni og ýmiss konar lyfjagjöf, bíkARBónati og fl.“

Mynd til hægri. „Togarinn Röðull í Reykjavíkurböfn. — Fáni blaktir í hálfá stöng. Morgunblaðið 22 janúar 1963.“-

Í ljós kom að eitrunin sem hér er getið um stafaði af leka í kælivél skipsins sem



staðsett var fram í skipinu. 14 manns lentu á sjúkrahúsi í Vestmannaeyjum og voru sumir mannanna þungt haldnir er þeir komu þangað. Nokkrir létust af völdum eitrunarinnar að ljóst er að mannskaði varð um borð af völdum þess sem skeði um borð í Röðli GK 518.


Meira um síðutogarann.

Eins og lesandanum er ljóst orðið að þá varð síðutogarinn svolítið eftir í minningu höfundar en minna skuttogarinn sem hann þó starfaði talsvert lengur á. Þó síðutogarar væru á undanhaldi er hann steig um borð í bv Júní 1973 voru þeir samt gerðir út í nokkur ár til viðbótar og sá hann oft togarann Maí toga og stundum hina líka sem þá voru enn í notkun á sömu bleyðu og íslensku skutskipin. Samt má segja, reyndar fullyrða, að fyrir árið 1980 séu allir síðutogarar í landinu komnir úr umferð og flestir horfnir úr landinu nema þau skip sem þegar hafði verið breytt og voru á þessum tíma nótaskip. Og má þar nefna Júpiter, Þormóð goða, Sigurð, Víking sem þjónuðu ekki lengur sama tilgangi í rekstri útgerðanna. Öll þessi skip sem hér eru nefnd voru undir lokin óþekkjanleg frá uppruna sínum. Skoðum hvernig útlit þeirra var til að byrja með.



Þessum var breytt í nótaski nema honum í miðjunni.

Maí GK 346.



Öll eru skipin nú horfin úr íslenskum veruleika.



Maí GK 346 endaði í brotajárni árið 2003 og hafði þá legið lágmark tvö ár við Norska bryggju.

Togarinn Gerpir / Júpiter (neðri mynd til vinstri) endaði í Danmörku 2008 þar sem skipið var hlutað sundur og stálið í honum brætt upp.

Togarinn Víkingur AK 100 (neðrimynd til hægri) var seldur til Danmerkur í júlí 2014 þar sem ráðist var á skrokk hans og hann hlutaður í parta og varpað í stálbræðsluofn.

Togarinn Sigurður (efri mynd til hægri) fór til Esbjerg í Danmörku í maí eða júní árið 2013 og rifin þar. Sáu dönsku kaupendur sjálfir um að sigla skipinu yfir hafið í Sigurðar síðustu ferð.

Þormóður goði RE (efri mynd til vinstri) var árið 2007 seldur í brotajárn og hét hér á landi nokkrum nöfnum og bara eitt af því er Óli Óskars.

Allt sem við gerum, smíðum og búum til, og eigum, hefur sinn ákveðna tíma og verður hver og einn að beygja sig undir þann veruleika. Það sem eftir stendur er minning um sumpart glæsileika sem einhverveginn vill ólmur festa sig við okkur. Má því með nokkru sannri segja að fólk lifi á vissan hátt líka í fortíð sem svo sem er í lagi með svo lengi sem hún gleypi okkur ekki né hindri í að sjá núíð skírurum augum. Góðar stundir.

Mynd til hægri.
„Höfnin í Keflavík eins
og hún er í dag. (1
janúar 1950)“

Mynd til vinstri. „1
október 1950.
„Skógur“ af möstrum í
Grindavíkurhöfn.“



Gert í Reykjavík 15maí 2018.

Kveðja. Höfundur.